

Efni: Minnisblað um viðauka við samkomulag Jórvík fasteigna ehf. og Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 13. ágúst 2020.

Þann 13. ágúst 2020 var undirritað samkomulag milli Akurhóla ehf. og Sveitarfélagsins Árborgar um uppbyggingu á hluta af landi Akurhóla ehf. að Jórvík 1. Samkomulagið var samþykkt á 26. fundi Bæjarstjórnar Árborgar, þann 19. ágúst 2020. Á fundi bæjarráðs þann 21. september 2021 samþykkti bæjarráð aðilaskipti á framangreindu samkomulagi, þ.e. að Jórvík fasteignir ehf., kt. 560721-0210 tækju yfir öll réttindi Akurhóla ehf. samkvæmt samningnum.

Í 1. gr. samkomulags aðila, dags. 13. ágúst 2020 er kveðið á um að ganga skuli frá afsölum og yfirlýsingum um eignaskipti byggingalóða sem stofnaðar verða á landinu til þinglýsingar við sölu til þriðja aðila eða í síðasta lagi áður en byggingarleyfi er útgefið. Einnig er kveðið á um að ganga skuli frá afsölum og yfirlýsingum um eignaskipti til þinglýsingar þegar gengið hefur verið frá skipulagi svæðisins og landeigandi hefur lokið framkvæmdum sínum, sbr. 7. gr. samkomulagsins, þ.e. að fenginni lokaúttekt.

Nú hafa verið gefin út byggingarleyfi fyrir 77 íbúðir á nánar tilgreindum 22 byggingarlóðum á landi landeiganda að Jórvík 1 auk þess sem landeigandi hefur samið við Selfossveitur um tengingu við heitt vatn á umræddum lóðum.

Samkvæmt viðauka þeim, sem nú liggur fyrir bæjarstjórn til samþykktar, eru aðilar sammála um, þó að lokaúttekt liggji ekki fyrir, að landeigandi muni í kjölfar þessa samkomulags afsala til sveitarfélagsins þeim 22 byggingarlóðum sem um ræðir í samræmi við gildandi deiliskipulag og í samræmi við skilmála samkomulagsins. Aðeins er um að ræða hluta af þeim heildarfjölda byggingarlóða sem landeigandi hyggst stofna á landi sínu að Jórvík 1 samkvæmt samkomulagi aðila frá 13. ágúst 2020.

Verði viðauki þessi samþykktur í bæjarstjórn og bæjarritara veitt heimild til að undirrita afsal mun sveitarfélagið í framhaldinu gefa út lóðarleigusamninga til Jórvík fasteigna ehf. vegna þessara sömu lóða.

Samhliða þinglýsingu á afsali verður kvöð þinglýst á lóðir þær er viðaukasamningurinn, sem nú liggur fyrir bæjarstjórn til samþykktar, tilgreinir. Þar kemur fram að í samræmi við samning, dags. 13. ágúst 2020 um framkvæmdir í landi afsalgjafa, þ.m.t. gatnagerð, vegtengingar skv. deiliskipulagi, frágangur opinna svæða, gangstíga, gangstétta, framkvæmda til að tryggja hljóðvist, lagning gatna, gangstétta, göngustíga, neysluvatnslagna, fráveitulagna, götuljósakerfis, opin svæði og fullnaðarfrágnagur umhverfis, s.s. þökulagning og gróðursetning trjáa þar sem það á við skv. deiliskipulagi sé á kostnað afsalgjafa, Jórvík fasteigna ehf. Samkvæmt kvöðinni getur leigutaki samkvæmt lóðarleigusamning við sveitarfélagið ekki haft uppi kröfur á hendur sveitarfélaginu vegna framangreindra framkvæmda. Við sölu Jórvíkur fasteigna ehf. á lóðarréttindum sínum til þriðja aðila skal hann gera grein fyrir kvöðinn. Kvöðinni verður aflýst þegar lokaúttekt skv. samningi dags. 13. ágúst 2020 hefur farið fram.

Helga María Pálsdóttir,
bæjarritari

